

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitur og meðhöndlun seyru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

#### 1. gr.

##### *Gjaldskýlda.*

Skeiða- og Gnúpverjahreppur innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi nr. 244/2011.

#### 2. gr.

##### *Stofngjald fráveitu.*

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislislagna frá lóðamörkun húseigenda við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera sem hér segir:

Heimtaug 150 mm eða grenni	248.000 kr.
Heimtaug 151-200 mm	262.000 kr.
Heimtaug 201-250 mm	277.000 kr.

Semja þarf sérstaklega um stofngjald fráveitu á stöðum fjarri stofnlögnum holræsa, þ.e. yfir 20 metra og einnig ef um sérstakar úrlausnir fráveitumála er að ræða. Stofngjald fráveitu fylgir byggingarvísitölu. Grunnvísitala er byggingarvísitala, grunnur 2010, í desember 2021, 159,3 stig.

#### 3. gr.

##### *Fráveitugjald.*

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og skal því varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalda skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð tengt fráveitulögnum sveitarfélagsins greiðist ekki fráveitugjald.

#### 4. gr.

##### *Rotþróargjald.*

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til að standa straum af kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Tæming rotþróa fer fram þriðja hvert ár.

Árlegt rotþróargjald	11.845 kr.
Auka hreinsun á rotþró í tengslum við aðra hreinsun	46.350 kr.
Aukahreinsun á rotþró sem sérferð	110.000 kr.

#### 5. gr.

##### *Gjalddagar.*

Gjalddagi stofngjalds fráveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Gjaldið skal greitt eða um það samið innan 20 daga frá gjalddaga. Heimilt er að semja um greiðslu stofngjalds fráveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.

Gjalddagar fráveitu- og rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og fasteignaskatts og skal innheimtu gjaldanna hagað á sama hátt og innheimtu á honum.

#### 6. gr.

##### *Innheimta.*

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga.

Stofngjald fráveitu og fráveitugjald ásamt áföllnum kostnaði, eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjalddaga. Gera má fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari.

7. gr.  
*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 8. desember 2021, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og á grunni samþykktar um fráveitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi nr. 244/2011. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

*Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 20. desember 2021.*

**Sylvía Karen Heimisdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2022